

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 335/2022

2023/EES/48/46

frá 9. desember 2022

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og
upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/654 frá 18. desember 2020 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 með því að ákvarða eitt hámarksverð fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu og eitt hámarksverð fyrir lúkningu fastlínusímtala í Sambandinu ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn í breytist því samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5c_{zsb} (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1070) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5c_{zsc}. **32021 R 0654**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/654 frá 18. desember 2020 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 með því að ákvarða eitt hámarksverð fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu og eitt hámarksverð fyrir lúkningu fastlínusímtala í Sambandinu (Stjtið. ESB L 137, 22.4.2021, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið l) í 3. mgr. 4. gr.:

„m) 0,77 íslenskar krónur á mínútu á Íslandi,

n) 0,032 norskar krónur á mínútu í Noregi.“

- b) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið g) í 4. mgr. 4. gr.:

„h) 0,74 íslenskar krónur á mínútu á Íslandi,

i) 0,032 norskar krónur á mínútu í Noregi.“

- c) Í 5. mgr. 4. gr. er eftirfarandi lið bætt við á eftir lið c):

„d) 0,032 norskar krónur á mínútu í Noregi.““

*2. gr.*Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/654, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 137, 22.4.2021, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 275/2021 frá 24. september 2021 (²), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(²) Verður birt.